


Dagsetning

24.5.2018

**BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HÚNAVATNSHREPPS 2010-2022****VEGNA FJÖLGUNAR EFNISTÖKUSVÆÐA, NÝS VERSLUNAR- OG PJÓNUSTUSVÆÐIS AÐ  
SVEINSSTÖÐUM OG NÝS ATHAFNASVÆÐIS Á HÚNAVÖLLUM****GREINARGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA****10.05.2017 br. 7.7.2017, 12.10.2017, 17.01.2018.**

Skipulagsstofnun

Mótt.::

Málnr.


16. maí 2018

201702046



LANDMÓTUN.

Breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010 – 2022 – Greinargerð og umhverfisskýrsla



Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

sveitarstjórn þann 18.10 20 17



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 24. maí 2018.



Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann  
20.

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 10.05.2017, br. 07.07.2017, 12.10.2017 og  
17.01.2018.

**EFNISYFIRLIT**

1	Inngangur .....	4
2	Aðdragandi og tilgangur .....	4
3	Tengsl við aðrar áætlanir.....	5
3.1	Landsskipulagsstefna.....	5
3.2	Rammaáætlun .....	5
3.3	Samgönguáætlun 2011-2022 .....	5
4	Forsendur .....	5
4.1	Landslag.....	5
4.2	Gróðurfar.....	6
4.3	Fuglar.....	10
4.4	Verndarsvæði .....	10
4.4.1	Friðlýst svæði.....	10
4.4.2	Svæði á náttúrumínjaskrá .....	12
4.4.3	Hverfisvernd .....	12
4.5	Minjar .....	15
4.6	Lýsing á staðháttum.....	16
4.7	Ferðaþjónusta .....	18
5	Breytingar á aðalskipulagi .....	18
5.1	Efnistökusvæði .....	18
5.2	Sveinsstaðir .....	27
5.3	Húnavellir .....	32
6	Umhverfisskýrsla .....	33
6.1	Umfjöllun um kosti.....	33
6.2	Umhverfisþættir og viðmið.....	33
6.3	Öflun upplýsinga og aðferðafræði.....	37
6.4	Umhverfismat.....	37
6.5	Niðurstaða mats .....	46
6.5.1	Athafnasvæði Húnavöllum .....	46
6.5.2	Ferðaþjónusta og fristundabyggð í landi Sveinsstaða.....	46
6.5.3	Efnistökusvæði vegna stækkunar Blönduvirkjunar (E58, E59).....	46
6.5.4	Efnistökusvæði vegna viðhalds Kjalvegar (E39 - E57).....	48
7	Kynning og samráð .....	49
8	Breytingar .....	50
9	Heimildaskrá.....	54
10	Viðauki A – Umsagnir og svör.....	56

## MYNDASKRÁ

Mynd 1 - Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands – Efnistökusvæði vegna stækkunar Blönduvirkjunar. Númer flokka í skýringum vísa í flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistgerðum á Íslandi.....	7
Mynd 2 - Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands – Efnistökusvæði vegna viðhalds Kjalvegar. Númer flokka í skýringum vísa í flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistgerðum á Íslandi.....	8
Mynd 3 - Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands – Efnistökusvæði við Kjalveg. Númer flokka í skýringum vísa í flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistgerðum á Íslandi.....	8
Mynd 4 - Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands - Efnistökusvæði við Kjalveg. Númer flokka í skýringum vísa í flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistgerðum á Íslandi.....	9
Mynd 5. Nýjar námur við Kjalveg.....	11
Mynd 6. Nýjar námur við hverfisvernd.....	14
Mynd 7. Nýjar námur og verndarsvæði.....	16
Mynd 8. Yfirlit yfir staðsetningu efnistökusvæða.....	17
Mynd 9. Dreyfing gistenátta í Húnaþingi í janúar 2014-nóvember 2016 .....	18
Mynd 10. Skýringarmynd sem sýnir tillögu að deiliskipulagssvæði á Sveinsstöðum. ....	31
Mynd 11. Þéttbýlisuppráttur af Húnavöllum, nýja svæðið er merkt sem A2.....	33
Mynd 12. Dreifing gistenátta í Húnaþingi í janúar 2014-nóvember 2016.....	50



## 1 INNGANGUR

Gerð er breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 en aðalskipulag Húnavatnshrepps var staðfest af Umhverfisráðherra þann 25. maí 2012 m.s.br. Gerð er breyting vegna fjölgunar á efnistökusvæðum, nýs verslunar- og þjónustusvæðis í landi Sveinsstaða, vegna nýs athafnasvæðis á Húnavöllum og breytingar á þéttbýlismörkum.

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br. falla fyrirhugaðar framkvæmdir við efnistöku undir lög nr. 2006/105 en undir lið 2.01 og 2.03 í 1. viðauka við lög nr. 106/2000 segir:

*„Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafslotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m<sup>3</sup> eða meira. Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökustaður og/eða haugsetningarstaður vegna sömu framkvæmdir og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m<sup>2</sup>.“* Falla slíkar framkvæmdir í flokk A og eru því ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Í flokki B eru tilgreindar framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Í flokk C fellur efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafslotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m<sup>2</sup> svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m<sup>3</sup>. Falla flestar framkvæmdir innan þessarar skipulagsbreytingar í flokk C, en einhverjar þeirra í flokka A og B. Þessar framkvæmdir eru því háðar lögum um umhverfismat áætlana 105/2006.

Aðrar framkvæmdir í endurskoðun þessa skipulags falla ekki undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

## 2 AÐDRAGANDI OG TILGANGUR

Megin tilgangur þessara breytinga er að móta frekar stefnu um efnistökusvæði í Húnavatnshreppi og setja inn ákvæði í aðalskipulag sem geta orðið grundvöllur veitingar framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku.

Þessar breytingar eru meðal annars gerðar í samráði við Vegagerðina og Landsvirkjun. Flest þessara efnistökusvæða tengjast framkvæmdum við lagfæringu á vegakerfi í sveitarfélagini t.d. á Þjófadalsvegi / Hveravallavegi (nr. 735) og á Kjalvegi (nr. 35), en einnig eru námur tengdar framkvæmdum vegna þriggja virkjana sem á að reisa á milli Blöndulóns og Gilsárlóns.

Gerð er breyting í landi Sveinsstaða þar sem gert verður ráð fyrir nýrri frístundabyggð og svæði fyrir verslun og þjónustu. Einnig er gerð breyting innan þéttbýlisins að Húnavöllum þar sem bætt er við nýju athafnasvæði, A2.

Markmið breytingarinnar er að tryggja að sem minnst rask verði af efnistökusvæðum og nágrenni þeirra og að frágangur að vinnslutíma loknum verði snyrtilegur og falli sem best að umhverfi og að atvinnulíf þróist eðlilega í sveitarfélagini.

### 3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

#### 3.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Í gildi er Landsskipulagsstefna 2015 – 2026 sem var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016 en hún felur í sér stefnu um fjögur viðfangsefni þ.e. skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar, skipulag á haf- og strandsvæðum og skipulag á miðhálendi Íslands.

Í Landsskipulagsstefnu, kafla 1.3 *Samgöngur í sátt við náttúru og umhverfi, er lögð áhersla á að frekari uppbygging samgöngukerfis á miðhálendinu stuðli að góðu aðgengi að hálandinu og jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Einnig að mannvirki og umferð um hálandið hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. Bætt verður við nýjum efnistökusvæðum vegna viðhalds Kjalvegar. Kjalvegur er skilgreindur sem stofnvegur en stefnan gengur út frá því að áfram verði gert ráð fyrir Kjalvegi sem stofnvegi og að stofnvegir um miðhálendið verði byggðir upp sem góðir sumarvegir með brúuðum ám og færir fólksbílum. Miðað sé við að þeir geti verið opnir a.m.k. 4-6 mánuði á ári. Með þessu er verið að stuðla að góðu aðgengi að hálandinu.*

Í kafla 1.4. *Sjálfbær nýting orkulinda* segir að Landsskipulagsstefna taki mið af verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) sem samþykkt var á Alþingi í janúar 2013. Enn fremur segir að einn virkjanakostur sé í orkunýtingarflokki sem er innan miðhálendisins og er það Blönduveita. Bætt er við tveimur efnistökusvæðum sem verða nýttar við uppbygginu Blönduvirkjunar.

Í umfjöllun um skipulag í dreifbýli, í kafla 2.6 *Sjálfbærar samgöngur*, segir að skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginjkjarna með styrkingu byggðar að leiðarljósi. Bætt er við efnistökusvæðum sem nýta á við lagfæringu vega innan dreifbýlisins í Húnavatnshreppi.

#### 3.2 RAMMAÁÆTLUN

Blönduveita er einn þeirra virkjunarkosta sem metnir voru í 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Í skýrslu verkefnastjórnar 2. áfanga rammaáætlunar var Blönduveita talin hafa einna minnst áhrif af þeim vatnsaflsvirkjunarkostum sem teknir voru fyrir. Í rammaáætlun sem samþykkt var 14. janúar 2013 um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða er Blönduveitu skipað í orkunýtingarflokki. Í lokaskýrslu verkefnistjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017 eru virkjanir á veituleið Blöndu áfram í orkunýtingarflokki enda voru engar eða óverulegar breytingar á rammaáætlun frá 14. janúar 2013.

#### 3.3 SAMGÖNGUÁÆTLUN 2011-2022

Í Samgönguáætlun 2011-2022 er Kjalvegur skilgreindur sem stofnvegur á hálandi.

### 4 FORSENDUR

#### 4.1 LANDSLAG

Gert er ráð fyrir allt að 21 nýju efnistökusvæðum á heiðum Húnavatnshrepps, í Blöndudal, og við Reyki. Helstu landformin á svæðinu eru jökuloldur, jöklusorfið land, gil, dalir, vatnasýrpur og tjarnir (VERKÍS, nóvember 2013). Landslag húnversku heiðanna er mótað af framrás jöкла þar sem skiptast á ávalar hæðir og ásar, lægðir og stöðuvötn. Heiðin er þakin


jökuloldum og upp á heiðinni eru klapparholt. Víða á yfirborði sjást jöulkembur sem stefna í NV en sveiga svo í NNV. Jarðvegur er yfirleitt þunnur fyrir utan þar sem er votlendi (Ingibjörg Kaldadal og Skúli Víkingsson, 1982 og Águst Guðmundsson o.fl. 1982). Berggrunnur er víðast hulinn jökulruðningi. Berggrunnurinn er tertiert basalt og úr kvarterum hraun- og jökulbergslögum (Águst Guðmundsson o.fl. 1982). Vötn hafa myndast í dældum og lautm á milli jökulruðninganna, en vatnasvæði þeirra er yfirleitt lítið (Hákon Aðalsteinsson, 1975). Vötn þessi eru af ólíkum vatnafræðilegum og líffræðilegum gerðum, og hafa tvö þeirra verið sett á Náttúrumuinjaskrá, Vestara- Friðmundarvatn og Eyjavatn (Hörður Kristinsson o.fl., 1978).

Kjölur er í 600-700 metra hæð yfir sjávarmáli og að miklu leyti berar melöldur, sandar og hraun á milli lágreistra fella. Nyrst á Kili er Dúfunefsfell, 730 m hátt, og sunnan við það eru sléttir meljhallar.

## 4.2 GRÓÐURFAR

Auðkuluheiði er meðal best grónu hálandissvæða landsins en gróðurfar er frekar fábreytt. Á hæðum og ásum er mosáemba, fjalldrapa- og lyngmóar en starmóar og þýfðar mýrar í lægðum (VERKÍS, nóvember 2013). Gróðurþekja er víðast mikil á heiðinni þar sem skiptast á mýrar, mólendi, mosi og kjarr með vötnum á milli, þekjan er þó minni á hæðinni frá Eiðsstæðabungu suður Þramarhaug og efst á Stóradalshálsi. Á heiðinni er talsvert votlendi og víðáttumikið votlendi á nærsvæði sem skv. Guðmundi Guðjónssyni o.fl. (2012) er mjög verðmætt á landsvísu einkum vegna þess hve óalgengt það er á Miðhálendinu. Í Blöndudal er gróðurfarið mjög fjölbreytt. Neðan við Blöndustöð er landið lítið beitt, mjög grasríkt og gróskumikið. Þar er einnig talsvert votlendi og dálítið mólendi, auk ræktaðs lands. Á hálsinum milli Blöndudals og Svartárdals og út eftir honum þar til kemur á mótsvið Torfustaði er mjög vel gróið en frekar einsleitt mólendi með myrlendi í slökkum. Hlíðin upp úr Svartárdalnum er samfellt gróið graslendi með elftingarmýrarblettum (*mýrelfting*) inn á milli. Uppi á heiðinni skiptast á minna gróin holt og hæðir oft með blautum mýrum og flóum á milli (Guðmundur Guðjónsson o.fl., 2009). Hryggirnir milli dalanna í Húnavatnssýslu eru brattir og skríður landið þar fram. Dalirnir sjálfir, Blöndudalur og Svartárdalur og neðsti hluti hlíðanna eru grónar valllendisgróðri (Eva Kristín Dal o.fl., 2008). Í Svínadal, Sléttárdal og Blöndudal er landið vel gróið og skiptast á graslendi, tún og bithagar. Blöndudalur er frekar djúpur og þróngur með litlu undirlendi en vel gróinn upp á brúnir.

Með hjálp vistgerðakorts Náttúrufræðistofnunar Íslands má fá hugmynd um þær vistgerðir sem þrifast á og í grennd við fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Þannig fást upplýsingar um jarðveg á svæðinu og helstu tegundir plantna og fugla á svæðinu, útbreiðslu þeirra og verndargildi.




Mynd 1 - Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands – Efnistökusvæði vegna stækunar Blönduvirkjunar. Númer flokka í skýringum vísa í flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistgerðum á Íslandi.

Ekki eru neinar verndaðar jarðmyndanir á fyrirhuguðu athafnasvæði í tengslum við stækun Blönduvirkjunar. Jarðvegur er þunnur, að mestu mellar og sandar með fremur lágvöxnum gróðri og lítilli þekju. Verndargildi er víðast hvar lágt (L) en sumar vistgerðir hafa miðlungs verndargildi (M) og er ein þeirra, hélumosavist (M), á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar. Ekki eru neinar friðlýstar plöntur á svæðinu en á því finnast vistgerðir svo sem flagmóavist (L), mosamelavist (L), eyðimelavist (L), sanda- og vikravist (L), auravist (M), viðimelavist(L), hélumosavist(M).


Fuglalífi á svæðinu er víðast hvar fremur rýrt, nema í mosamela- og viðimóavist þar sem getur verið nokkurt eða fremur ríkulegt fuglalíf og varp. Fuglalífi mun ekki stafa ógn af framkvæmdunum. Dæmi um helstu tegundir eru heiðlöa og þúfutittlingur, lóuþræll, sólskríkja, steindeplar, sandlóur og sendlingar, rjúpa, spói auk fleiri tegunda.

Ljóst er að ekki verður komist hjá öllu raski í tengslum við efnistöku, en þess skal gætt að vernduðum tegundum verði ekki raskað og vandað til alls frágangs á framkvæmdasvæðum og það grætt upp að vinnslu lokinni með staðgróðri.


Fuglalífi á svæðinu er frá því að vera fremur rýrt og upp í all ríkulegt, en þar er ekki að finna verndaðar tegundir. Fuglalífi ætti ekki að stafa ógn af framkvæmdunum. Gengið verður frá efnistökusvæðum að vinnslu lokinni og svæðið grætt upp í samræmi við viðmið og reglugerðir þar að lútandi.



Mynd 2 - Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands – Efnistökusvæði vegna viðhalds Kjalvegar. Númer flokka í skýringum vísa í flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistgerðum á Íslandi.



Mynd 3 - Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands – Efnistökusvæði við Kjalveg. Númer flokka í skýringum vísa í flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistgerðum á Íslandi.



Mynd 4 - Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands - Efnistökusvæði við Kjalveg. Númer flokka í skýringum vísa í flokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands á vistgerðum á Íslandi.

Sjö þeirra efnistökusvæða sem eru á breyttu aðalskipulagi eru á hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja (E42-E48), H20- Blöndulón og umhverfi. Á svæðinu eru leitarmannaskálar og Blöndulón bíður upp á möguleika í bleikjuveiði. Á svæðinu skal mannvirkjagerð haldið í lágmarki og þess gætt að hún leiði til eins líttillar röskunar og kostur er. Sex af þessum sjö svæðum eru þegar opnar námur en hafa ekki verið áður skilgreindar í aðalskipulagi. Skilmálar þessarar náma verða að falla að skilmálum hverfisverndarinnar.

Námur E49, E52 og E53 falla innan hverfisverndar H18. Hveravellir-Helgufell en þessi svæði eru þegar opin eða röskuð. E54 og E56 falla í jaðar hverfisverndarsvæðis vegna náttúruminja. Námur E50, E55, E57 falla utan verndarsvæða en námurnar eru allar nálægt vgleið Kjalvegar svo flutningsvegalengd efnis er lágmörkuð og þannig rask sem flutningi fylgir. Námurnar eru á fremur smágrýttum, lausum, sandríkum og þurrum melum þar sem gróðurþekja er mjög lítil (Vistgerðakort NÍ).

Ekki eru neinar friðlýstar plöntur eða vistgerðir á fyrirhuguðu athafnasvæði sem er á hálandi, þar sem víðast hvar eru þurrir, sandríkir mellar og gróður mjög lágvaxinn og gróskulítill og heildargróðurþekja mjög lítil. Flest eru efnistökusvæðin í grennd við Kjalveg, á svæði sem þegar hefur verið raskað. Helstu vistgerðir á svæðinu eru grasmelavist (L), eyðimelavist (L) gróðurlítil hálandisvötn (L) og viðimelavist (L). Í slíkum vistgerðum er verndargildi lágt (L) og fuglalíf mjög fábreytt og strjált varp (Vistgerðakort NÍ). Einnig finnst á svæðinu Hélumosavist sem hefur miðlungs verndargildi og er á lista Bernarsamnings frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar. Þar skiptast á algróin svæði og berangur.

Fuglalífi á svæðinu er mjög fábreytt og varp er strjált og því mun ekki stafa ógn af framkvæmdunum. Helst tegundir sem sjást á svæðinu eru snjótittlingar, sandlóur, sendlingar, rjúpur, heiðlóur og spóar (Vistgerðakort NÍ).

## 4.3 FUGLAR

Í umhverfisskýrslu með aðalskipulagi Húnnavatnshrepps 2010-2022 segir: „Fuglalíf er fjölbreytt og helgast það af auðugu votlendi. Samkvæmt svæðisskipulagi Austur-Húnnavatnssýlu eru um 50 tegundir reglulegra varpfugla taldir á svæðinu, af 72 tegendum á landinu. Nokkuð vantar uppá rannsóknir á þessu svið.“ VERKÍS kannaði fuglalíf á fyrirhuguðu virkjanasvæði á veituleið Blönduvirkjunar dagana 12. og 13. júní 2012 og 25. og 26. júní 2012. Rannsóknarsvæðið var fyrirhugað framkvæmdasvæði frá Kolkustíflu við Blöndulón að Gilsárlóni og svæði norðan við Vestara Friðmundarvatn sem nefnist Vatnabunga. Alls sáust 14 fuglategundir af þeim voru 6 taldar líklegir varpfuglar á svæðinu. 11 tegundir fugla sáust á þeim 7 vötnum sem talin voru (VERKÍS, september 2013).

Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands fást upplýsingar um þær vistgerðir sem þrífast á og í grennd við fyrirhuguð framkvæmdasvæði, og þannig einnig um jarðveg og helstu tegundir plantna og fugla á svæðinu, útbreiðslu þeirra og verndargildi, sjá umfjöllun í kafla 4.2 Gróðurfar, hér að framan.

## 4.4 VERNDARSVÆÐI

### 4.4.1 Friðlýst svæði

Eftirfarandi svæði í Húnnavatnshreppi eru friðlýst.

#### Guðlaugs- og Álfgeirstungur

Guðlaugstungur, Svörtutungur og Álfgeirstungur (Ásgeirstungur) voru friðlýstar sem friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 1150 / 2005. Tungurnar eru á háleldinu norðvestan við Hofsjökul og er svæðið rúmlega  $401 \text{ km}^2$ . „Landslagið einkennist af heiðalöndum, votlendi, rústum, mólendi og bersvæði, ám og vötnum. Svæðið er mikilvægt varp- og beitiland heiðagæsar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda víðfeðmt og gróskumikið votlendi og stórt, fjölbreytt og mikilvægt rústasvæði. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt fyrir heiðagæs. Núverandi landnotkun innan svæðisins eru akstursslóðar, reiðvegir og gangnamannaskáli og takmarkast umferð við skilgreindar leiðir. Við ákvörðun um friðlýsingu voru hafðir til hliðsjónar alþjóðlegir samningar, en þeir eru um verndun villtra dýra, plantna og lífsvæða (Bern 1979), samningur um líffræðilega fjölbreytni (Ríó de Janeiró 1992) og samningur um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971). Öllum er heimil fór um svæðið eftir ákveðnum reglum. Umferð um varplönd heiðagæsar er bönnuð frá 1. maí til 20. júní. Umferð hestamanna og beit hrossa er stýrt, lausir hundar eru ekki leyfðir, veiði í ám og vötnum er óheimil nema með leyfi veiðifélags og notkun skotvopna er bönnuð.

#### Kattarauga, Áshreppi


Í Vatnsdal. Friðlýst sem náttúrvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 522/1975. Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúrvætti tjörnina Kattarauga við Kornsá í Vatnsdal, ásamt hólmum sem í henni eru og tjarnarbökkunum.

Mörk náttúrvættisins eru þessi. Lína dregin umhverfis áðurnefnda tjörn í 10 metra fjarlægð frá bökkum hennar (sbr. [www.ust.is](http://www.ust.is)). Stærð 1 ha.

Svæðislýsing: Tjörnin Kattarauga er alldjúpur pyttur sem í eru tveir fljótandi hólmar sem reka undan vindi. Mikið og stöðugt rennsli er í gegnum tjörnina. Í botni tjarnarinnar er lindarauga sem glittir á þegar logn er og bjartur dagur. Af lindarauganu dregur tjörnin nafn sitt. Gróður á svæðinu er dæmigerður íslenskur mýrargróður.

#### Hveravellir á Kili

Friðlýstir sem náttúrvætti 1960. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1975, stærð 170 ha. Hálendismiðstöð er í útjaðri svæðisins. Svæðislýsing: Landslag á Kili er mjög mótað af jöklum ísaldar en henni lauk fyrir um 10.000 árum. Öll fjöll á Kili eru eldfjöll að uppruna og ber mest á móbergsstöpum og dyngjum sem myndast hafa við langvarandi flæðigos. Móbergsstaparnir, t.d. Hrútfell, hafa orðið til við gos undir jöкли. Nokkru eftir ísaldarlok varð til gosdynjan Kjalhraun. Í kvos norðan undir henni er háhitasvæðið Hveravellir í 630 m.y.s. Til háhitasvæða eru talin jarðhitasvæði þar sem hitastig er hærra en 150°C á 1000 m dýpi.



Mynd 5. Nýjar námur við Kjálveg.

#### 4.4.2 Svæði á náttúrumuinjaskrá

Á náttúrumuinjaskrá eru svæði sem að mati Umhverfisstofnunar er æskilegt að friðlýsa skv. náttúruverndarlögum. Hér í töflunni kemur listi yfir þessi svæði í Húnavatnshreppi. Texti úr náttúrumuinjaskrá hefur verið leiðréttur m.t.t. örnefna og lýsingar á afmörkun fyrir svæði 425.

Nr. í skrá.	Heiti svæðis
407	Vatnsdalshólar (1) Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli þjóðvegar og Þórdísalækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. (2) Fjöldi framhlaupshóla úr Vatnsdalsfjalli, flæðiengi og tjarnir.
408	Eylendið, Flóðið og Húnavatn (1) Húnaós, Húnavatn, Hnausakvísl með bökkum og hólmum, eylendið frá Giljáreyrum suður undir Hnausa. Flóðið og óshólmrar Vatnsdalsár í Vatnsdal. (2) Flæðimýrar, óshólmrar og vötn með fjölbreyttu lífi.
410	Fossar í Vatnsdalsá og Friðmundará. (1) Fossarnir Skínandi, Kerafoss, Rjúkandi og Skessufoss í Vatnsdalsá vestur af Bótarfelli og Bótarfoss í Friðmundará. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í hrikalegum gljúfrum. Surtarbrandslög.
411	Eyjavatn og Friðmundarvatn vestara, Auðkúluheiði. (1) Vötnin ásamt hólum og bökkum. (2) Grunn stöðuvötn, óvenjumikið fuglalíf og gróskumikill gróður í hólum.
412	Blöndugil, Vallgil og Rugludalur. (1) Árgljúfur Blöndu frá norðurenda Reftjarnarbungu niður undir Þróðum ásamt Vallgili og Rugludal. (2) Hrikalegt gljúfur með gróðursælum hvömmum og birkikjarri.
424	Hóp, Heildar svæðið nær einnig til Húnaþings vestra. (1) Hópið og nánasta umhverfi ásamt Bjargaósi. (2). Hópið er talið fimmta stærsta stöðuvatn á Íslandi og er strandvatn með fjölbreyttu fuglalifni.
425	Skriður í Vatnsdal (1) Svæði austan Vatnsdalsvegar og hábungu fjallanna. Til norðurs markast svæðið af landamerkjum Hjallalands og Hvamms og til suðurs af Landsenda norðan íbúðarhúss Hvammsbæjar II.(2) Mikilfenglegir klettar og skriður, fögur og tilkomumikil stuðluð basaltlög í Fossgili.

#### 4.4.3 Hverfisvernd

Í gildandi aðalskipulagi Húnavatnshrepps eru 21 svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Ferðaþjónusta verður skilgreind í námunda við H16 Hverfisvernd við Þristapa í landi Sveinsstaða. Ný efnistökusvæði verða skilgreind innan tveggja þessara hverfisverndarsvæði þ.e. innan H18 og H20 en eftirfarandi skilmálar gilda í aðalskipulagi um svæðin.

#### Hverfisvernd vegna fornleifa og menningarminja:

Nr.	Heiti	Lýsing
H16	Þristapar í landi Sveinsstaða	Nyrsti hluti Vatnsdalshóla þar sem síðasta aftaka á Íslandi fór fram, þegar Friðrik og Agnes voru tekið þar af lífi árið 1830. Gerð er tillaga um að svæðið verði hverfisverndað vegna söguminja en auk þess er svæðið hluti Vatnsdalshóla. Vanda þarf til merkinga og aðkomu að svæðinu. Svæðinu má ekki raska.

## Hverfisverndarákvæði vegna fornleifa og menningarminja:

- Skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Fylgjast þarf vel með skógrækt sem er í námunda við fornleifar og gæta þess að skógrækt fari aldrei nær minjum en 20 m. Einnig ber að forðast skógrækt í gömlum túnum þó að fornleifar séu ekki sýnilegar á yfirborði.
- Hefðbundin landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.
- Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem minja- og útvistarsvæði.
- Hverfisvernduðu svæðin verða merkt og fræðsluefnir um þau komið á framfæri.

Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar.


## Hverfisvernd vegna náttúru og menningarminja á hálendi Húnavatnshrepps:

**H18. Hveravellir-Helgufell.** Að austan ráða mörk friðlands í Guðlaugstungum og Álfgeirstungum, að norðan afmörkun hverfisverndarsvæðis umhverfis Blöndulón, að sunnan sveitarfélagsmörk og að vestan nær það yfir Efri Seyðisárdög og að Hundadölum. Innan svæðisins eru Hveravellir sem eru friðlýstir sem náttúrvætti og einnig eru gjöful lindasvæði í Seyðisárdögum. Innan svæðisins eru enn fremur fjölmargar þjóðminjar, á Hveravöllum eru svo sem útilegumannaminjar tengdar Fjalla Eyvindi.

**H20. Blöndulón og umhverfi.** Á svæðinu eru leitarmannaskálar sem í seinni tíð eru auk þess nýttir í auknum mæli fyrir ferðamenn og er skálinn sunnan við Áfangafell hugsaður sem jaðarmiðstöð. Komið hefur í ljós að Blöndulón býður upp á mikla möguleika í bleikjuveiði.

Eftirfarandi hverfisverndarákvæði eru sett um landnotkun, umgengni og mannvirkjagerð á Hverfisverndarsvæðum vegna náttúru og menningarminja á hálendi Húnavatnshrepps :

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar haldast eins og verið hefur.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Þurfi að reisa mannvirki s.s. fjallasel, fjarskiptastöðvar eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga um breytingar á aðalskipulagi.



Mynd 6. Nýjar námur við hverfisvernd.


Í gildandi skipulagi eru fimm efnistökusvæði innan Hverfisverndar Blöndulóns og nágrennis (H20) en með þessari breytingu verða sjö ný svæði innan hverfisverndarinnar. Sex af þessum sjö svæðum eru þegar opnar námur en hafa ekki verið áður skilgreindar í aðalskipulagi. Skilmálar þessarar náma verða að falla að skilmálum hverfisverndarinnar.

Innan hverfisverndar Hveravellir-Helgufell (H18) er í dag tvö efnistökusvæði en aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að fjölga þeim um þrjú. Öll þessara svæða eru þegar röskuð eða opin. Skilmálar þessarar efnistökusvæða verða að falla að skilmálum hverfisverndarinnar.

## 4.5 MINJAR

Í Húnavatnshreppi eru 10 friðlýstar minjar.

Nr.	Heiti	Lýsing
þ1	Ás, rústir eyðibýlisins Odda-áss	Rústir eyðibýlisins Odda-áss í Ljótunnarkinn; þær eru í grænni brekku sunnan í Odda-ásnum, sem er áfastur bæjarásnum í Ási, norðvestur frá honum. Sbr. Árb. 1895: 5. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
þ2	Grímsstunga, rústir eyðibýlisins Þórhallsstaða	Grímsstunga. a. Rústir eyðibýlisins Þórhallsstaða; þær eru í Forsæludal, vestan árinnar, því nær á móti Koti. Sbr. Árb. 1892: 78. b. "Glámsþúfa", er svo heitir, litill grashóll með bolla ofaní, tveim stuttum bæjarleiðum fyrir framan Þórhallsstaði. Sbr. Árb. 1892: 78. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
þ3	Hof	Hof. Leifar fornrar "hofgirðingar" á Goðhól, fyrir ofan tún á Hofi. Sbr. Árb. 1895: 4. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
þ4	Marðarnúpur	Marðarnúpur. Fyrirhleðsla forn fyrir sundlág, sem er í túninu fyrir utan og neðan bæinn. Sbr. Árb. 1892: 122. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
þ5	Nautabú	Nautabú. Hinar fornu rústir Nautabús; þær eru í Nautabúsmóa, skammt fyrir innan hinn gamla farveg Kornsár. Sbr. Árb. 1892: 78. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
þ6	Þórormstunga	Þórormstunga. a. Jöklusstaðir, fornt eyðibýli uppi í tungunni. Sbr. Árb. 1892: 122. b. "Lögrjetta", er svo heitir, forn hringur í túninu. Sbr. Kálund 1879-1882: 40. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
þ7	Breiðabólstaður	Breiðabólstaður. Rúst eyðibýlisins Faxabrandssstaða; hún er upp með bæjarlæk Breiðabólstaðar, gildum stekkjarvegi fyrir sunnan og vestan bæinn. Sbr. Árb. 1895: 7. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
þ8	Steinnes, fornar búðaleifar á Lögmannsholti	Steinnes. Fornar búðaleifar á Lögmannsholti, skammt frá læk þeim er Syngjandi heitir; garðlagsbútur vestan við þær og dys fám föðumum vestar. Sbr. Kálund 1879-1882: 32. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
þ9	Þingeyrar, leifar þingstaðar og klausturs	Þingeyrar. a. Allar leifar hins forna þingstaðar. Þar með "Dómhringur", er svo heitir enn, í túninu milli núverandi kirkju og hins gamla kirkjugarðs. Sbr. Árb. 1895: 8-9; Árb. 1906: 26-27. b. Túngirðing forn þar er "Trumsvalir" heita, vestaní holti því, sem Þingeyrabær (ath. Þingeyrabær) stendur sunnaní. Sbr. Árb. 1905: 8.c. "Stígandahróf", svo kallað; það er við Húnavatn á dálitlu nesi, er gengur út í vatnið litlu sunnar en gegnt bænum Akri. Sbr. Árb. 1895: 7. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931.
þ10	Svínavatn	Svínavatn. Hella við bæjarlækinn með hring höggnum á. Sbr. Árb. 1910: 70-71. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 20.06.1931.



Mynd 7. Nýjar námur og verndarsvæði.


Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga hefur unnið að aðalskráningu fornleifa á völdum stöðum innan sveitarfélagsins. Skráning á eftirfarandi jörðum sem Fornleifavernd ríkisins setti á forgangslista var gerð 2008 og 2009; Svínvatn, Hólabak, Uppsalir, Öxl, Sveinsstaðir, Brúsastaðir, Saurbær, Hof, Hvammur, Reykir, Stóra Giljá, Auðkúla, Stóridalur, Botnastaðir og Bólstaðarhlíð.

#### 4.6 LÝSING Á STAÐHÁTTUM.

Alls felur breytingin í sér 21 efnistökusvæði sem voru ekki í eldra skipulagi en þau munu bætast við á næstu 7 árum, námurnar eru misjafnar að stærð og gerð. Efnismagn er allt frá 7.000 m<sup>3</sup> á 3.000 m<sup>2</sup> svæði (við Þjófadalsheiði) og upp í 65.000 m<sup>3</sup> á 5.5 ha svæði í gamalli námu að Ytri Lögumýri. Námurnar eru ýmist í möl og sand, ógróna malarhjalla, jökulruðningaholt, malar og ruðningsmela og stórar eyrar, holt og þurran farveg. Af þessum 21 sem bætast við eru 8 nýjar námur þ.e. svæði þar sem ekki hefur áður verið tekið efni.

Bætt er við tveimur nýjum efnistökusvæðum vegna framkvæmda á virkjunum á veituleið Blönduvirkjunar. Um er að ræða malarefni og ekki fundust önnur nálæg svæði með möl. Þá er í báðum tilfellum um að ræða svæði sem að hluta til var áður raskað við framkvæmdir vegna Blönduvirkjunar.

Aðrar námur, 19 talsins, eru vegna lagfæringa á vegum, þar af sex sem ekki hafa verið opnuð áður.




Mynd 8. Yfirlit yfir staðsetningu efnistökusvæða.

## 4.7 FERÐAPJÓNUSTA

Undanfarin ár hefur ferðamönnum á Íslandi fjölgað en árið 2016 voru ferðamenn orðnir 1.767.726 og gerir spá Íslandsbanka ráð fyrir að þeir verði tæpar 2,4 milljónir á árinu 2017. Í Húnavatnshreppi eru 369 gistiþými í dag á 17 gistiþóðum, auk 85 svefnþokaplássá á sumrin og 50 á veturna. Eitt af markmiðum aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010-2022 er að efla verslun og þjónustu á svæðinu í heild, og er jafnframt stefnt að því að auka þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn. Með þessari breytingu á aðalskipulaginu verður 36 gistiþýmum bætt við á Sveinsstöðum, og samræmist það ofangreindum markmiðum aðalskipulagsins.

Gistinætur í Húnaþingi



Mynd 9. Dreifing gistiþáttta í Húnaþingi í janúar 2014-nóvember 2016

Stjórnstöð ferðamála er samráðsvettvangur sem hefur það verkefni að samhæfa aðgerðir og útfæra leiðir til að leggja traustan grunn að íslenskri ferðaþjónustu, á samvinnu við opinbera stjórnsýslu, sveitarfélög, stoðkerfi greinarinnar og aðra hagsmunaaðila. Einn af áhersluþáttum stjórnstöðvarinnar 2015-2020 er dreifing ferðamanna um landið, draga úr á lagi á ásetnum áfangastöðum ferðamanna og haga málum þannig að allir landshlutar njóti góðs af fjölgun ferðafólks. Húnavatnshreppur getur tekið á móti fleiri ferðamönnum, en fjölgun gistiþássá og afþreyingarmöguleika í hreppnum styður við það markmið.

## 5 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

### 5.1 EFNISTÖKUSVÆÐI

Gera þarf breytingu á kafla 3.1.6 í Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022; *Efnistökusvæði*, en þar er markmiðið að þær námur sem skilgreindar eru í aðalskipulaginu muni uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum. Með auknum fyrirhuguðum framkvæmdum, svo sem við viðhald Kjalvegar og stækjun Blönduvirkjunar, sbr. breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps sem staðfest var 12. mars 2015 vegna áforma um að reisa þrjár virkjanir á núverandi veituleið Blönduvirkjunar, hefur þörf fyrir efnistöku aukist og því nauðsynlegt að bæta við fleiri efnistökusvæðum. Eitt af markmiðum aðalskipulagsbreytingarinnar er að lágmarka flutningsvegalengdir og rask sem þeim fylgir. Gert er ráð fyrir 21 nýjum efnistökusvæðum, E39-E59. Efnistaka er ávallt háð leyfi viðkomandi landeigenda og einnig framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði reglugerðar

um framkvæmdarleyfi nr. 772/2012. Ef námur eru innan þjóðlendna þá er efnistaka úr þeim háð leyfi Forsætisráðuneytis. Vanda skal frágang allra námusvæða að vinnslu lokinni og skulu efnistökusvæði ekki standa ónotuð og ófrágengin lengur en í þrjú ár skv. 4. mgr. 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landslag skal fært aftur til fyrra horfs eða land mótað þannig að efnistökusvæði falli sem best að umhverfinu þegar efnistöku lýkur. Við frágang skal taka mið af leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Landsvirkjun sem finna má á [www.namur.is](http://www.namur.is).

Í núverandi aðalskipulagi eru leiðir og markmið efnistökusvæða eftirfarandi:

#### **MARKMIÐ:**

Í skipulagsáætluninni eru sýndir núverandi efnistökustaðir en almennt er gert ráð fyrir sem fæstum en tiltölulega stórum efnistökustöðum. Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.

#### **LEIÐIR:**

- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.
- Þær námur sem eru skilgreindar í aðalskipulaginu eru til mismunandi nota og uppfylla fyrirhugaðar þarfir á skipulagstímanum.
- Leggja verður áherslu á skipulega nýtingu efnistökustaða og snyrtilegan frágang þar þegar efnistöku lýkur.

Ljóst er að það er ákveðin stefnubreyting í Húnavatnshreppi að fjölgum efnistökusvæðum en reiknað er með að það bætist við 21 efnistökusvæði, E39 – E59, fyrir sand-, malar- og grjótnám. Efnistökusvæði E39-E57 tengjast viðhaldi Kjalvegar og eru staðsett í grennd við Kjalveg. Með því að hafa fleiri minni efnistökusvæði má lágmarka flutningsvegalengdir efnis á framkvæmdatíma og þannig halda raski af völdum flutninga í lágmarki. Efnistökusvæði E58 og E59 tengjast stækkun Blönduvirkjunar. Samkvæmt verkhönnun, sem mat á umhverfisáhrifum byggist á, var miðað við að eiginleikar líklegustu kjarna-, síu- og stoðfyllingarefna úr uppgreftri skurða yrðu kannaðir frekar. Niðurstaðan úr þeim rannsóknum er sú að efnið úr uppgreftri skurðanna nýtist í kjarna og stoðfyllingu en skortur er á efni sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til síuefnis. Af þessari ástæðu er tveimur malarnánum bætt inn á aðalskipulagið. Í báðum tilfellum er um að ræða námur á svæðum sem að hluta til hefur áður verið raskað við framkvæmdir vegna Blönduvirkjunar. Lýsing í töflu yfir námur var uppfærð frá gildandi skipulagi, með ítarlegri upplýsingum um stærð náma, efnismagn og efnisgerð og frágang að vinnslu lokinni.

Eftirfarandi er tillaga að lista yfir efnistökusvæði:

Nr.	Heiti	Náma opin	Lýsing	Jörð
E1	Gljúfurnáma	Gömul náma	Náman er í malarhjalla og hóla norðan Hringvegar. Áætluð efnistaka er 49.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 20.000 m <sup>2</sup> svæði Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu.	Hólabak
E2	Uppsalanáma	Opin	Klapparnáma. Efnið notað í vegagerð og rofvarnir. Áætluð efnistaka er 30.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 24.400 m <sup>2</sup> svæði. Ekki verður sáð í efnistökusvæðið að lokinni vinnslu heldur verður einungis látið nægja að sléttu botninn. Lausu grjóti sem fellur til við vinnslu verður ýtt upp að námustalinu.	Hólabak og Uppsalir
E3	Hnjúksnáma	Opin.	Náma í möl og sandi. Áætluð efnistaka er 45.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 17.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	Hnjúkur
E4	Haukagilsnáma	Opin	Malarńáma. Áætluð efnistaka er 20.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 6.300 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu.	Haukagil
E5	Prestalág	Opin og frágengin. Notuð til að blanda leir.	Skering meðfram núverandi vegi sem er útvíkkuð. Efnistakan er sunnan vegar í grjót, möl og finefni. Áætluð efnistaka er 5.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 3.000 m <sup>2</sup> svæði. Frágangur á námu verður í formi skeringar með fláanum 1:2.	Þórormstunga
E6	Melagerðisnáma	Náma sem tekið hefur verið úr í mörg ár. Verið notuð í malarslitlag og gæti nýst í vega-framkvæmdir.	Náman er í sandríkan lagskiptan malarhjalla sem er unnin til suðausturs. Áætluð efnistaka er 20.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 7.700 m <sup>2</sup> svæði. Að efnistöku lokinni verður gengið frá raskaða svæðinu með hallanum 1:3.	Marðarnúpur
E7	Hofsnáma	Opin	Náma í malarhjalla vestan Vatnsdalsvegar norðan Hofs og er efnistaka í framhaldi af núverandi námu. Áætluð efnistaka er um 45.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 20.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	Hof
E8	Brekukotsnáma	Opin	Náman er í malarhjalla austan Hringvegar sunnan við Brekkukot. Áætluð efnistaka er um 35.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 10.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	Brekukot
E9	Skinnastaðanáma	Opin	Efnistaka í malarhjalla austan Hringvegar. Efnistaka verður í framhaldi af núverandi efnistöku og verður náman unnin til suðurs. Efnið nýtist í styrkingu og breikkuð Hringvegar. Áætlað magn 46.000 m <sup>3</sup> á um 12.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	Skinnastaðir
E11	Ljótshólar	Opin	Efnistaka í framhaldi af núverandi malarńámu sem er norðan í Ljótshól. Tilgangur efnisnámsins er að nýta það í viðhald og endurbyggingar vega á svæðinu. Áætluð efnistaka er 15.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 4.000 m <sup>2</sup> . Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	Ljótshólar
E12	Auðkúlunáma	Opin	Efnistaka í sandríkan malarhjalla og aðliggjandi svæði. Áætluð efnistaka er 20.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 4.000 m <sup>2</sup> . Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	Holt í Svínadal

E13	Eyvindarstaðir	Opin	Efnistaka í áreyrar/árhjalla við Blöndu. Áætluð efnistaka er 35.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 9.000 m <sup>2</sup> . Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu. Náman verður grædd upp að lokinni efnistöku.	Eyvindarstaðir
E14 F	Syðri-Löngumýri	Unnið malarslitlag.	Efnistakan er í gróinn jökulruðningsmel sem er unnin til suðurs frá núverandi námustáli. Efnismagn allt að 20.000 m <sup>3</sup> til 20 ára og heildarflatarmál svæðisins er 18.400 m <sup>2</sup> . Við frágang verður sléttáð yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum. Gengið frá námustáli í hvert skipti þannig að auðvelt er að opna á ný.	Syðri-Löngumýri
E15	Ytri-Löngumýri	Opin	Áframhaldandi efnistaka í áreyrum og malarhjalla við Löngumýri, 50.000 m <sup>2</sup> og 65.000 m <sup>3</sup> . Möl 1-300 mm og 1-2m. Við frágang verður sléttáð yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.	Ytri-Löngumýri
E16	Finnstungunáma	Opin	Náman er í eyri austan megin Blöndu. Innan svæðisins er stór og mikil tjörn og var efni tekið úr þeim stað síðast. Áframhaldandi efnistaka verður í framhaldi af þessari tjörn. Efnismagn allt að 40.000 m <sup>3</sup> á um 15.000 m <sup>2</sup> svæði til 6 ára. Við frágang skulu bakkar brotnir niður og jafnaðir. Móta skal námusvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu.	Finnstunga
E17	Fjósar	Opin	Áframhaldandi efnistaka (malarslitlag) í melhló til suðurs. Áætluð efnistaka er 7.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 3.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu.	Fjósar (/Brattahlíð)
E18	Kúfustaðir	Opin	Áframhaldandi efnistaka (malarslitlag) í mel til norðurs og austurs. Áætluð efnistaka er 7.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 3.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu.	Kúfastaðir
E19	Æsustaðanáma	Prufuholur grafnar og efni rannsakað en ekki tekið.	Gert er ráð fyrir að vinna allt að 25.000 m <sup>3</sup> af malarefni í klæðingu til viðhalds á yfirborði Hringvegar í Langadal og Vatnsskarði. Á svæði sem er um 24.000 m <sup>2</sup> að flatarmáli á um 20 ára tímabili. Frágangi á námu eftir efnistöku verður þannig háttáð að vegna hárrar grunnvatnsstöðu mun efnistökusvæðið fyllast tiltölulega fljótt af vatni en grunnvatnsstaðan á svæðinu er um 20 – 30 cm undir yfirborði efnistökusvæðisins. Á svæðinu verður því til tjörn sem verður þarna áfram þegar efnistöku verður lokið. Að öðru leyti verður frágangur svæðisins í samræmi við umhverfi þess.	Æsustaðir
E20	Eldjárnsstaðanáma		Fyrirhuguð efnistaka er í áframhaldi af fyrri efnistöku úr núverandi grjótnámu. Efnismagn allt að 20.000 m <sup>3</sup> , stærð svæðis 5000 m <sup>2</sup> . Við frágang verður sléttáð yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.	Afréttarland úr Eldjárnsstaðalandi.
E21	Blöndugil		Opin grjótnáma, efnismagn allt að 50.000 m <sup>3</sup> , stærð svæðis 5000 m <sup>2</sup> . Við frágang verður sléttáð yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.	Auðkúluheiði (afréttarland).
E22	Blöndugil		Fyrirhuguð efnistaka er í áframhald fyrri efnistöku úr núverandi malarhnámu. Efnismagn allt að 20.000 m <sup>3</sup> , stærð svæðis 12.500 m <sup>2</sup> . Við frágang verður sléttáð yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.	Auðkúluheiði (afréttarland).
E23	Eiðstaðabungunáma	Opin	Fyrirhuguð efnistaka er í áframhald af núverandi efnistöku úr núverandi grjótnáma. Efnismagn allt að 20.000 m <sup>3</sup> , stærð svæðis 4.000 m <sup>2</sup> . Að efnistöku lokinni verður námusvæðið lagað til og mótað að landi og sáð í það.	Eiðsstaðir.
E24	Efnislosunarsvæði vegna þramarvirkjunar		Austan við skurð um 500 m frá Gilsárlóni er 180.000 m <sup>3</sup> efnislosunarsvæði. Taka skal í þepum svarðlag ofan af efnistökusvæði, þannig að frágengið svæði fái nýupptekinn svörð að lokinni mótu.	Auðkúluheiði (afréttarland).
E25	Efnislosunarsvæði vegna þramarvirkjunar		Efnislosunarsvæði austan skurðar sem er um 650.000 m <sup>3</sup> . Frágangur verður þannig að minni flákar verða teknir í einu. Forðast skal beinar línum í jaðri bæði út frá sjónrænum áhrifum en einnig af þeirri ástaðu að gróður nær sér fyrri upp ef raskað og óraskað svæði er „fingrað“ saman.	Auðkúluheiði (afréttarland).

E26	Efnislosunarsvæði vegna þramarvirkjunar		Efnislosunarsvæði þar sem áætlað er að losað verði um 850.000 m <sup>3</sup> . Svæði með skurði austan frá virkjun að vegi sem á að færa, auk svæðis undir nýja veghluta Kjalvegar og niður með honum að austan. Við fráganga er lagt til að nota í bland svörð og sáningu. Gera þarf ráð fyrir ræsi undir veg. Forðast verður að raska myrinni, eftir því sem kostur er, samhliða því að hafa ekki of brattan fláa af veki.	Auðkúluheiði (afréttarland).
E27	Efnislosunarsvæði vegna Friðmundarvirkjunar		Svæðið er á gróinni eyri sunnan Austara-Friðmundarvatns og að hluta til á vatnsbotni kringum eyrina. Rétt austan affalls Friðmundarvirkjunar í Austara-Friðmundarvatn og í um 500 m fjarlægð frá aðkomuvegi virkjunar við jaðar vatnsins, áætlað er að þarna verði losað um 440.000 m <sup>3</sup> . Af þeim hluta svæðisins sem er gróð skal svarðlag geymt og notað í frágang á tilbúnni eyri að lokinni móturn hennar	Auðkúluheiði (afréttarland).
E28	Efnislosunarsvæði vegna Friðmundarvirkjunar		Efnislosunarsvæði þ.s. er fyrirhugað lón. Um 100 m austan við úrtak Friðmundarlóns, áætlað efnismagn um 110.000 m <sup>3</sup> . Nýta má svarðlag af verðandi lónbotni til að leggja ofan að raskað land tengt framkvæmdunum, hvort sem er í frágang efnislosunarsvæða, vegfláa eða nærsvæði veituskurða	Auðkúluheiði (afréttarland).
E29	Efnislosunarsvæði vegna Friðmundarvirkjunar		Efnislosunarsvæði þ.s. er fyrirhugað lón. Vestan við stíflumannvirki sem myndar Friðmundarlón, áætluð losun um 330.000 m <sup>3</sup> . Við frágang má nýta svarðlag af verðandi stíflustæði og lónbotni í landmótun stíflujaðars og efnislosunarsvæðis.	Auðkúluheiði (afréttarland).
E30	Efnislosunarsvæði vegna Friðmundarvirkjunar		Efnislosunarsvæði á svæði sem er nú þegar raskað að hluta. Við N-enda Smalatjarnar sunnan undir varnargarði og ofan hans milli aðkomuvegar og manngerðs grjótgardar, áætlað efnismagn um 230.000 m <sup>3</sup> . Mótun lands skal vera í tengslum við vinnuveg og áðurmótað aðliggjandi svæði. Frágangur skal vera með sáningu og nýtingu svarðlags.	Auðkúluheiði (afréttarland).
E31	Efnislosunarsvæði við Kolkuvirkjun		Efnislosunarsvæði austan við skurð við Blöndustiflu. Um er að ræða áður raskað svæði tengt fyrri framkvæmdum á svæðinu. Svæði verður grætt upp með sáningu. En ef umframagn af svarðlagi fellur til má nýta svörð til að stuðla að náttúrulegra yfirbragði þessa svæðis. Áætlað efnismagn um 230.000 m <sup>3</sup> .	Auðkúluheiði (afréttarland).
E32	Lómatjarnanáma	Unnið malarslittlag. Gengið frá námustáli í hvert skipti þannig að auðvelt er að opna á ný.	Malarslitlagsnáma. Áætlað efnismagn er um 16.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 4.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku mun miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu.	Auðkúluheiði (afréttarland).
E33	Norðan við Fannlæk	EKKI OPNUÐ. Búið að grafa rannsóknarholur.	Malarslitlagsnáma. Náma í lítið gróinn mel og gamlan slóða. Áætlað efnismagn er um 15.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 11.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku skal miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu.	Auðkúluheiði (afréttarland).
E34	Fannlækjanáma	Gömul náma frá virkjanagerð á svæðinu. Vegagerðin hefur notað námuna.	Malaráma. Efnistaka vegna styrkingar Kjalvegar og hugsanlega vinnslu malarslittags. Áætlað efnismagn er um 47.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 25.000 m <sup>2</sup> svæði. Að efnistöku lokinni skal móta námsvæðið þannig að það falli vel að umhverfinu.	Auðkúluheiði (afréttarland)
E35	Áfanganáma	Unnið malarslittlag. Gengið frá námustáli í hvert skipti þannig að auðvelt er að opna á ný.	Malarslitlagsnáma í lítið gróinn jökulruðningsmel. Áætlað efnismagn er um 30.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 10.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku skal miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínu.	

E36	Tvískiptihæð	Unnið malarsslitlag. Gengið frá námustáli í hvert skipti þannig að auðvelt er að opna á ný.	Malarslitlagsnáma beggja vegna Kjalvegar í ógróið jökulruðningsholt. Áætluð efnistaka er 20.000 m <sup>3</sup> á næstu 20 árum á um 10.000 m <sup>2</sup> svæði. Landmótun að lokinni efnistöku skal miða að því að raskað land falli vel að umhverfi sínú.	
Landnotkun og samfélag	+	Framkvæmdir munu hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf með fjölbreyttari atvinnutækifærum og óveruleg áhrif á aðra landnotkun. Innan skipulagssvæðisins er eitt opíð svæði til sérstakra nota, O2 Ólafslundur. Einnig er eitt hverfisverndað svæði, H16 - Þrístapar, þar sem er að finna	Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Húnnavatnshrepps 2010-2022.  Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, sjá kafla

		<p>menningarminjar. Eitt af markmiðum skipulagstillögunnar er að stuðla frekar að vernd þess svæðis, bæta aðgengi að því og miðla upplýsingum um það. Mun það hafa jákvæð áhrif í för með sér fyrir svæðið. Þá er eitt athafnasvæði skilgreint á skipulagssvæðinu fyrir gamla skólahúsið á Sveinsstöðum.</p>	<p>Inngang um atvinnuvegi og samfélagsþætti.</p> <p>Landsskipulagsstefna:</p> <p>kafli 1. Skipulag á miðhálendi Íslands,</p> <p>kafli 1.1 Víðerni og náttúrugæði,</p> <p>kafli 1.3 Samgöngur í sátt við náttúru að umhverfi,</p> <p>kafli 1.4. Sjálfbær nýting orkulinda,</p> <p>kafli 2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli,</p> <p>kafli 2.2 Umhverfis- og menningargæði,</p> <p>kafli 2.3 Sjálfbær nýting landbúnaðarlands,</p> <p>kafli 2.4 um ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi,</p> <p>kafli 2.6. Sjálfbærar samgöngur,</p> <p>kafli 3.1 um heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðaþróun,</p> <p>kafli 3.2 um sjálfbært skipulag þéttbýlis og</p> <p>kafli 3.4 um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf.</p>
--	--	--	---

<b>Efnistökusvæði vegna stækunar Blönduvirkjunar (E58, E59)</b>			
<b>Umhverfispættir</b>	<b>Vægi</b>	<b>Lýsing</b>	<b>Viðmið</b>
Jarðmyndanir	0	Ekki eru neinar verndaðar jarðmyndanir á fyrirhuguðu athafnasvæði. Jarðvegur er þunnur, að mestu melar og sandar með fremur lágvöxnum gróðri og lítilli þekju.	3 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.)
Gróður	0	<p>Ekki eru neinar friðlýstar plöntur á svæðinu en á því finnast vistgerðir svo sem flagmóavist (L), mosamóavist (L), mosamelavist (L), starmóavist (M), eyðimelavist (L), sanda- og vikravist (L), auravist (M).</p> <p>Verndargildi er lágt (L) til miðlungs (M). Að efnisvinnslu lokinni skal námu lokað og svæðið grætt upp með staðgróðri.</p>	<p>Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur</p> <p>Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda. Stj.tíð. B, nr. 184/1978.</p> <p>2.gr Laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.)</p> <p>Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr</p> <p>Vistgerðakort</p>

		Náttúrufræðistofnunar Íslands	
<b>Fuglar</b>	<b>0</b>	<p>Fuglalífi á svæðinu er fremur rýrt, nema í víðimóavistgerð þar sem getur verið fremur ríkulegt fuglalíf. Fuglalífi mun ekki stafa ógn af framkvæmdunum. Dæmi um helstu tegundir er heiðlöa og þúfutittlingur, lóupræll, snjótittlingar steindeplar, sandlour og sendlingar, rjúpa, spói auk fleiri tegunda.</p>	<p>Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir fugla</p> <p>Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, sjá kafla 2. Markmið og leiðir að vernd lífríkis Íslands</p> <p>Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands</p>
<b>Fornleifar og menningarminjar</b>	<b>0</b>	<p>Efnistökusvæði E58 og E59 eru á milli hverfisverndarsvæða H19 og H20 og í grennd við merktar þjóðminjar M6. Um gamlar námur sem þegar eru opnar er að ræða, en engu að síður skal fyllstu varúðar gætt við framkvæmdir á þessum svæðum og fullt tillit tekið til þekktra minja á svæðinu og þeim undir engum kringumstæðum spillt.</p> <p>Fornleifaathugun hefur farið fram á svæðinu. Finnist fornleifar við skráningu verður ítrustu varúðar gætt í nálægð við þær svo þær spillist ekki. Finnist fornleifar við framkvæmdir verður Minjastofnun Íslands gert viðvart í samræmi við 24.gr laga nr. 80/2012.</p>	<p>Fornleifar skv. skilgreiningu í 3.gr laga nr.80/2012 um menningarminjar. Verndun og varðveisla fornminja skv. 21.-24. Grein sömu laga.</p>
<b>Landslag og sjónræn áhrif</b>	<b>0/-</b>	<p>Um gamlar námur sem þegar eru opnar er að ræða. Sjónræn áhrif af framkvæmdum geta orðið nokkur á meðan á efnistöku stendur. Vandað verður til alls frágangs að efnistöku lokinni svo varanleg áhrif af framkvæmdinni verði sem minnst, í samræmi við aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022 sem setur skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengi og góðan frágang að vinnslu lokinni við veitingu framkvæmdaleyfa fyrir efnistöku. Frágangur skal vera í samræmi við viðmið um frágang og uppgræðslu efnistökusvæða, sbr. leiðbeiningaritið <i>Námur, efnistaka og frágangur</i>, útgefið af</p>	<p>Sérstaða/fágæti landslags út frávísbindingum í 3. gr. laga um náttúruvernd nr.60/2013.</p> <p>Verndargildi skv. náttúruminjaskrá.</p> <p>Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í III.hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis.</p> <p>Námur, efnistaka og frágangur, útgefið af lönaðarráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins,</p>

		Iðnaðarráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisráðuneytinu o.flr og skv. aðalskipulagi.	Umhverfisráðuneytinu o.flr.
Landnotkun og samfélag	+	<p>Framkvæmdin mun ekki hafa veruleg áhrif á landnotkun né samfélag.</p> <p>Svæði E58 og E59 eru á námunda við iðnaðarsvæði I8 í aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022.</p>	<p>Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010-2022.</p> <p>Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, sjá kafla Inngang um atvinnuvegi og samfélagsþætti.</p> <p>Landsskipulagsstefna:</p> <p>kafli 1. Skipulag á miðhálendi Íslands,</p> <p>kafli 1.1 Víðerni og náttúrugæði,</p> <p>kafli 1.3 Samgöngur í sátt við náttúru að umhverfi,</p> <p>kafli 1.4. Sjálfbær nýting orkulinda,</p> <p>kafli 2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli,</p> <p>kafli 2.2 Umhverfis- og menningargæði,</p> <p>kafli 2.3 Sjálfbær nýting landbúnaðarlands,</p> <p>kafli 2.4 um ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi,</p> <p>kafli 2.6. Sjálfbærar samgöngur,</p> <p>kafli 3.1 um heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðaþróun,</p> <p>kafli 3.2 um sjálfbært skipulag þéttbýlis og</p> <p>kafli 3.4 um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf.</p>

**Efnistökusvæði vegna viðhalds Kjalvegar (E39 - E57)**

Umhverfisþættir	Vægi	Lýsing	Viðmið
Jarðmyndanir	0/-	<p>Sjö ný efnistökusvæði (E42-E48) eru innan hverfisverndarinnar vegna náttúruminja H20- Blöndulón og umhverfi, sex af þessum svæðum eru þegar opin. Á svæðinu eru leitarmannaskálar og Blöndulón býður upp á möguleika í bleikjuveiði. Á svæðinu skal mannvirkjagerð haldað í lágmarki og þess gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.</p> <p>Námur E49, E52, E53, E54 og E56 falla í jaðar hverfisverndarsvæðis vegna náttúruminja. Námur E50, E55, E57 falla utan verndarsvæða en námurnar eru allar nálægt vegleið Kjalvegar svo flutningsvegalengd efnis er lágmörkuð og þannig rask sem flutningi fylgir.</p> <p>Námurnar eru á fremur smágrýttum, lausum, sandríkum og þurrum melum í flötu, hallandi landi þar sem gróðurþekja er mjög lítil (Vistgerðakort Ni).</p>	3 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni.)
Gróður	0	<p>Ekki eru neinar friðlýstar plöntur eða vistgerðir á fyrirhuguðu athafnasvæði sem er á hálandi, þar sem viðast hvar eru þurrir, sandríkir mellar og gróður mjög lágvaxinn og gróskulítil og heildargróðurþekja mjög lítil. Flest eru efnistökusvæðin í grennd við Kjalveg, á svæði sem þegar hefur verið raskað.</p> <p>Helstu vistgerðir á svæðinu eru grasmelavist (L), eyðimelavist (L) gróðurlítil hálandisvötn (L) og víðimelavist (L). Í slíkum vistgerðum er verndargildi lágt (L) og fuglalíf mjög fábreytt og strjált varp (Vistgerðakort Ni).</p>	<p>Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur</p> <p>Auglýsing um friðlysingu nokkurra plöntutegunda. Stj.tíð. B, nr. 184/1978.</p> <p>2.gr Laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.)</p> <p>Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr</p> <p>Vistgerðakort</p> <p>Náttúrufræðistofnunar Íslands</p>
Fuglar	0	<p>Fuglalífi á svæðinu er mjög fábreytt og varp er strjált og því mun ekki stafa ógn af framkvæmdunum. Helst tegundir sem sjást á svæðinu eru snjótittlingar, sandlour, sendlingar, heiðlour og spóar (Vistgerðakort Ni).</p>	<p>Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir fugla</p> <p>Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.</p> <p>Stefnumörkun til 2020, sjá kafla 2. Markmið og leiðir að vernd lífríkis</p>

			Íslands Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands
Fornleifar og menningarminjar	?	<p>Fornleifaathugun hefur ekki farið fram á svæðinu. Veiting framkvæmdaleyfis er háð því að fram hafi farið skráning fornleifa á svæðinu. Finnist fornleifar við skráningu verður ítrstu varúðar gætt í nálægð við þær svo þær spillist ekki. Finnist fornleifar við framkvæmdir verður Minjastofnun Íslands gert viðvart í samræmi við 24.gr laga nr. 80/2012.</p> <p>Efnistökusvæði E47 er á hverfisverndarsvæði H20. Skal fyllstu varúðar gætt við framkvæmdir á þessum svæðum og fullt tillit tekið til þekktra minja á svæðinu og þeim undir engum kringumstæðum spiltt.</p>	Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001. Fornleifar skv. skilgreiningu í 3.gr laga nr.80/2012 um menningarminjar. Verndun og varðveisla forminja skv. 21.-24. Grein sömu laga.
Landslag og sjónræn áhrif	0/-	<p>Sjónræn áhrif af framkvæmdum geta orðið nokkur á meðan á efnistöku stendur. Vandað verður til alls frágangs að efnistöku lokinni svo varanleg áhrif af framkvæmdinni verði sem minnst, í samræmi við aðalskipulag Húnnavatnshrepps 2010-2022 sem setur skilyrði um skipulega nýtingu, góða umgengi og góðan frágang að vinnslu lokinni við veitingu framkvæmdaleyfa fyrir efnistöku. Frágangur skal vera í samræmi við viðmið um frágang og upprgræðslu efnistökusvæða, sbr. leiðbeiningaritið Námur, efnistaka og frágangur, útgefið af Iðnaðarráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisráðuneytinu o.fl.</p>	Sérstaða/fágæti landslags út frávísbindingum í 3. gr. laga um náttúruvernd nr.60/2013. Verndargildi skv. náttúrumínjaskrá. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020. Sjá markmið og leiðir um vernd náttúru Íslands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Skoða sérstaklega 9. kafla í III.hluta þar sem fjallað er um vernd víðernis. Námur, efnistaka og frágangur, útgefið af Iðnaðarráðuneytinu, Landgræðslu ríkisins, Umhverfisráðuneytinu o.fl.
Landnotkun og samfélag	+	<p>Framkvæmdin mun bæta samgöngur og aðgengi að hálandinu og er partur af nauðsynlegu viðhaldi Kjalvegar sem er stofnvegur á miðhálendinu skv. samgönguáætlun 2011-2022. Stofnvegir um miðhálendið skulu byggðir upp sem góðir sumarvegir með brúuðum ám og vera færir fólksbílum. Miðað sé við að þeir geti verið opnir a.m.k. 4–6 mánuði á ári. Til þess að</p>	skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br. Aðalskipulag Húnnavatnshrepps 2010-2022. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, sjá kafla Inngang um atvinnuvegi og samfélagsþætti.

		<p>geta uppfyllt þessi skilyrði þarf að viðhalda Kjalvegi.</p> <p>Landsskipulagsstefna:</p> <p>kafli 1. Skipulag á miðhálendi Íslands,</p> <p>kafli 1.1 Víðerni og náttúrugæði,</p> <p>kafli 1.3 Samgöngur í sátt við náttúru að umhverfi,</p> <p>kafli 1.4. Sjálfbær nýting orkulinda,</p> <p>kafli 2.1 Sjálfbær byggð í dreifbýli,</p> <p>kafli 2.2 Umhverfis- og menningargæði,</p> <p>kafli 2.3 Sjálfbær nýting landbúnaðarlands,</p> <p>kafli 2.4 um ferðaþjónustu í sátt við náttúru og umhverfi,</p> <p>kafli 2.6. Sjálfbærar samgöngur,</p> <p>kafli 3.1 um heildstætt búsetumynstur og jafnvægi í byggðaþróun,</p> <p>kafli 3.2 um sjálfbært skipulag þéttbýlis og</p> <p>kafli 3.4 um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf.</p>
--	--	---

## 6.5 NIÐURSTAÐA MATS

### 6.5.1 Athafnasvæði Húnavöllum

Nýtt athafnasvæði á Húnavöllum hefur ekki veruleg umhverfisáhrif í för með sér. Um er að ræða léttan iðnað sem mengar lítið sem ekki neitt. Mun tilkoma gagnavers hafa góð áhrif á samfélagið og skapa ný störf. Helstu umhverfisáhrif gagnavers eru sjónræn, en gagnaver krefjast nokkuð stórra bygginga og mikillar lofthæðar. Stuðlað skal að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á umhverfisfrágang á athafnasvæðinu, í samræmi við markmið aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010-2022 um athafnasvæði. Í því felst að lágmarka sjónræn áhrif stórra bygginga, takmarka vegg og mænishæð og brjóta upp stóra fleti og gera lóð svæðisins aðlaðandi. Skulu byggingarákvæði og skilmálar varðandi útlit og frágang bygginga útfærðir frekar í deiliskipulagi.

### 6.5.2 Ferðaþjónusta og frístundabyggð í landi Sveinsstaða.

Engin veruleg umhverfisáhrif hljótast af nýju verslunar- og þjónustusvæði á Sveinsstöðum. Eitt af markmiðum skipulagstillögunnar er að varðveita menningarminjar og gera þær aðgengilegar og upplýsandi. Skipulagsbreytingin mun hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu og stuðla að fjölbreyttari og tryggari afkomu bænda á Sveinsstöðum.

### 6.5.3 Efnistökusvæði vegna stækkunar Blönduvirkjunar (E58, E59).

Fyrirhugað efnistökusvæði í tengslum við stækkun Blönduvirkjunar, E58, er í námunda við núverandi iðnaðarsvæði I8 í aðalskipulagi. Fyrirhugað efnistökusvæði E5 er í grennd við merktar þjóðminjar M6 sem er miðstöð gangnamanna, Kolka á Auðkúluheiði. Merktar þjóðminjar eru skilgreindar sem hverfisvernduð svæði á sveitarfélagsuppdrætti Húnavatnshrepps, en M6 fellur þó á milli hverfisverndarsvæðanna H19 og H20 skv.

aðalskipulagsuppdraðti. Efnistökusvæði E49 fellur innan hverfisverndarsvæðis H20. Það er þó talsvert minna að umfangi en svæði E45 og E46, eða um  $35.000 \text{ m}^3$  á um  $15.000 \text{ m}^2$  svæði, samanborið við  $70.000 \text{ m}^3$  á  $22.000 \text{ m}^2$  og  $23.000 \text{ m}^2$  svæði í E45 og E46. Er ljóst að á þessum svæðum er nauðsynlegt að gæta fyllstu varúðar við framkvæmdir og vanda til frágangs að efnisvinnslu lokinni. Skal svæðið endurmótað og grætt upp svo varanleg áhrif af framkvæmdum verði sem minnst. Á hverfisverndarsvæðum skal skv. aðalskipulagi halda mannvirkjagerð í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.

#### 6.5.4 Efnistökusvæði vegna viðhalds Kjalvegar (E39 - E57)

Öll efnistökusvæði vegna viðhalds Kjalvegar eru í nálægð við veginn til að lágmarka flutningsvegalendir. Þannig lenda nú þeirra innan hverfisverndarsvæðis vegna náttúruminja. Ekki er víst að þörf verði á að opna öll efnistökusvæðin eða að efni úr þeim henti til viðhalds vega, en svæðin eru frá um  $25.000 \text{ m}^3$  á um  $8.000 \text{ m}^2$  svæði til um  $40.000 \text{ m}^3$  á um  $12.000 \text{ m}^2$  svæði. Svæðið, sem er á hálandinu, er nú þegar raskað og gróður og fuglalíf þar fábreytt. Sjónræn áhrif af framkvæmdum geta orðið nokkur á meðan á efnistöku stendur. Vandað verður til alls frágangs að efnistöku lokinni og svæðið endurmótað og grætt upp svo varanleg áhrif af framkvæmdum verði sem minnst. Æskilegt væri að geyma og nýta mold og gróður, ef slíkt er fyrir hendi, þar til frágangs kemur, eða flytja til þess lífræn efni þar sem slíkt er ekki fyrir hendi, s.s. hey og/eða búfjáráburð, ef það á við.

## 7 KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulags- og matslysing fyrir aðalskipulagsbreytinguna var til sýnis á skifstofu Húnavatnshrepps á Húnavöllum og á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.hunavatnshreppur.is](http://www.hunavatnshreppur.is), auk þess sem hún var send umsagnar- og hagsmunaaðilum. Þeir voru:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Landeigendur

Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Magnúsi Ólafssyni og Björgu Þorgilsdóttur, eigenda Litlu Sveinsstaða.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu var send umsagnar- og hagsmunaaðilum til samráðs og auglýst í blöðum og á vef Húnavatnshrepps þar sem kallað var eftir athugasemdu.

Tillagan var send eftirtöldum aðilum:

- Forsætisráðuneytið
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun.
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofu
- Ferðamálastofu
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Landgræðsla ríkisins
- Upprekstrarfélag Auðkúluheiðar.
- Upprekstrarfélag Eyvindarstaðaheiðar.
- Landsnet.
- Rarik.
- Fiskistofa.
- Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti.
- Bláskógarbyggð.
- Blönduósbær.
- Sveitarfélagið Skagafjörður.
- Húnaþing vestra.
- Borgarbyggð.

Athugasemdir bárust frá Forsætisráðuneytinu, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Vegagerðinni, Samgöngustofu, Ferðamálastofu og Landgræðslu ríkisins. Töflu með helstu athugasemdu og viðbrögðum sveitarstjórnar við þeim má finna hér að neðan.

## 8 BREYTINGAR

Eftir auglýsingu voru eftirfarandi breytingar gerðar:

Í kafla 4.4.3 bættist við eftirfarandi:

**„Hverfisverndarákvæði vegna fornleifa og menningarminja:**


- Skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.
- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Fylgjast þarf vel með skógrækt sem er í námunda við fornleifar og gæta þess að skógrækt fari aldrei nær minjum en 20 m. Einnig ber að forðast skógrækt í gömlum túnum þó að fornleifar séu ekki sýnilegar á yfirborði.
- Hefðbundin landbúnaðarnytjar geta haldist eins og verið hefur.
- Stefnt er að því að settar verði verndar- og umgengnisreglur um hverfisverndaða svæðið sem tryggi varðveislu þess sem minja- og útvistarsvæði.
- Hverfisvernduðu svæðin verða merkt og fræðsluefnir um þau komið á framfæri.

Að öðru leyti gilda ákvæði þjóðminjalaga varðandi þekktar þjóðminjar.“

Í kafla 4.7 bættist við eftirfarandi:

„ auk 85 svefnpokaplássa á sumrin og 50 á veturna. Eitt af markmiðum aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010-2022 er að efla verslun og þjónustu á svæðinu í heild, og er jafnframt stefnt að því að auka þjónustu og afþreyingu fyrir ferðamenn. Með þessari breytingu á aðalskipulaginu verður 36 gistirýmum bætt við á Sveinsstöðum, og samræmist það ofangreindum markmiðum aðalskipulagsins.

Gistinætur í Húnaþingi



Mynd 12. Dreifing gistenáttta í Húnaþingi í janúar 2014-nóvember 2016

Stjórnstöð ferðamála er samráðsvettvangur sem hefur það verkefni að samhæfa aðgerðir og útfæra leiðir til að leggja traustan grunn að íslenskri ferðaþjónustu, á samvinnu við opinbera stjórnsýslu, sveitarfélög, stoðkerfi greinarinnar og aðra hagsmunaaðila. Einn af

áhersluþáttum stjórnstöðvarinnar 2015-2020 er dreifing ferðamanna um landið, draga úr á lagi á ásetnum áfangastöðum ferðamanna og haga málum þannig að allir landshlutar njóti góðs af fjölgun ferðafólks. Húnavatnshreppur getur tekið á móti fleiri ferðamönnum, en fjölgun gistiþássa og afþreyingarmöguleika í hreppnum styður við það markmið.”

Í kafla 5.1. bættist við eftirfarandi:

„Efnistaka er ávallt háð leyfi viðkomandi landeigenda. Ef námur eru innan þjóðlendna þá er efnistaka úr þeim háð leyfi Forsætisráðuneytis. Vanda skal til frágangs allra námusvæða að vinnslu lokinni og skulu efnistökusvæði ekki standa ónotuð og ófrágengin lengur en í þrjú ár skv. 4. mgr. 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landslag skal fært aftur til fyrra horfs eða land mótað þannig að efnistökusvæði falli sem best að umhverfinu þegar efnistöku lýkur. Við frágang skal taka mið af leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Landsvirkjun sem finna má á [www.namur.is](http://www.namur.is).“

Í sama kafla var í setningin „Með auknum fyrirhuguðum framkvæmdum, svo sem við viðhald Kjalvegar og stækkun Blönduvirkjunar hefur þörf fyrir efnistöku aukist og því nauðsynlegt að bæta við fleiri efnistökusvæðum,“ fellt út, og einnig var fellt út: „og lagningu Blöndulínu 3.“.

Einnig bætist við eftirfarandi: „Tafla yfir námur var uppfærð frá gildandi skipulagi, með ítarlegri upplýsingum um námur, stærð þeirra, efnismagn og efnisgerð og frágang að vinnslu lokinni.“

Tafla í kafla 5.1. Efnistökusvæði er leiðrétt fyrir námu E15, og stærð og efnismagn í námu E23 er leiðrétt úr  $10.000 \text{ m}^3$  og  $20.000 \text{ m}^2$  í  $20.000 \text{ m}^3$  og flatarmálið  $4.000 \text{ m}^2$ . Efnismagn námu E22 er leiðrétt úr  $20.000 \text{ m}^2$  í  $20.000 \text{ m}^3$ .

Þar stendur nú:

E15	Ytri-Löngumýri	Opin	Áframhaldandi efnistaka í áreyrum og malarhjalla við Löngumýri, $50.000 \text{ m}^2$ og $65.000 \text{ m}^3$ . Möl 1-300 mm og 1-2m. Við frágang verður sléttáð yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.	Ytri-Löngumýri
E23	Eiðstaðabungunáma	Opin	Fyrirhuguð efnistaka er í áframhald af núverandi efnistöku úr núverandi grjótnáma. Efnismagn allt að $20.000 \text{ m}^3$ , stærð svæðis $4.000 \text{ m}^2$ . Að efnistöku lokinni verður námusvæðið lagað til og mótað að landi og sáð í það.	Eiðsstaðir.
E22	Blöndugil		Fyrirhuguð efnistaka er í áframhald fyrri efnistöku úr núverandi malarnámu. Efnismagn allt að $20.000 \text{ m}^3$ , stærð svæðis $12.500 \text{ m}^2$ . Við frágang verður sléttáð yfir svæðið, borið moldarlag yfir og sáð í með grasfræjum.	Auðkúluheiði (afréttarland).

Í kafla 5.2. bættist við eftirfarandi:

„Aðalskipulagsbreytingin felur í sér nýja tengingu við þjóðveg 1 sem er háð samráði við Vegagerðina. Viðræður um útfærslu tengingar standa yfir við Vegagerðina og verður hún útlistuð nánar í deiliskipulagi.“

Í töflu yfir frístundabyggðir í kafla 5.2. var stærð frístundabyggðarsvæðis leiðrétt en þar stóð áður að svæði væri um 9 ha en þar stendur nú:

F25	Sveinsstaðir	Á svæðinu er gert ráð fyrir frístundabyggð fyrir 10 frístundahús á um 13 ha.	Sveinsstaðir
-----	--------------	--	--------------

Stærð nýs verslunar- og þjónustusvæðis V19 að Sveinsstöðum er bætt við töflu.

Einnig bætist eftirfarandi texti við í kafla 5.2:

Gerð er breyting á kafla 3.3. Verndarsvæði vegna neysluvatns þar sem skilgreint er þrjú vatnsverndarsvæði sem eru nýtt í dag en hafa ekki áður verið skilgreind í aðalskipulag. Eitt þessara svæða er fyrir þá þjónustu sem boðið verður upp á Sveinsstöðum. Skilgreint er brunn-, grann- og fjarsvæði sem sýnd eru á aðalskipulagsuppdrátti.

Þessi þrjú nýju brunnsvæði eru;

- Vatnsból Sveinsstaða og Leysingjastaða.
- Vatnsból Steinnes
- Vatnsból Haga.

Í kafla 6.5.4 bættist eftirfarandi við:

„Æskilegt væri að geyma og nýta mold og gróður, ef slíkt er fyrir hendi, þar til frágangs kemur, eða flytja til þess lífraen efni þar sem slíkt er ekki fyrir hendi, s.s. hey og/eða búfjáraburð, ef það á við.“

Bætta var við kafla 7, *Kynning og samráð*, þar sem finna má upplýsingar um samráðsferlið, þær umsagnir sem bárust og viðbrögð sveitarstjórnar við þeim.

#### Breytingar skv. ábendingum frá Skipulagsstofnun:

Í kafla 5.1 bætast við setningarnar: „sbr. breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps sem staðfest var 12. Mars 2015 vegna áforma um að reisa þrjár virkjanir á núverandi veituleið Blönduvirkjunar,“ og „og einnig framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði reglugerðar um framkvæmdarleyfi nr. 772/2012.“ Og „Samkvæmt verkhönnun, sem mat á umhverfisáhrifum byggist á, var miðað við að eiginleikar líklegustu kjarna-, síu- og stoðfyllingarefna úr uppgreftri skurða yrðu kannaðir frekar. Niðurstaðan úr þeim rannsóknum er sú að efnið úr uppgreftri skurðanna nýtist í kjarna og stoðfyllingu en skortur er á efni sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til síuefnis. Af þessari ástæðu er tveimur malarnánum bætt inn á aðalskipulagið. Í báðum tilfellum er um að ræða námur á svæðum sem að hluta til hefur áður verið raskað við framkvæmdir vegna Blönduvirkjunar.“

Listi yfir námur í kafla 5.1 Efnistökusvæði var uppfærður og upplýsingum um tilkynningaskyldu bætt við.

Í kafla 5.2 bætist við eftirfarandi: „Byggingarreitir skulu staðsettir í lægðum á milli hólaþyrpinga og ekki skal hróflað við hólunum sjálfum. Vegna fjarlægðar milli húsa og lítils landhalla verður fráveita rotþró við hvert hús sem uppfylli skilyrði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Vestra sbr. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Lóðir á nýjum

svæðum verða jafnan á stærðarbilinu 0,5-2 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03 en byggingar ekki stærri en 150 m<sup>2</sup>, sbr. gildandi aðalskipulag Húnavatnshrepps.“

Í kafla 5.3. Húnavellir bættist við eftirfarandi:

„Sveitarstjórn hefur sótt um leyfi ráðherra til að breyta landbúnaðarlandi í athafnasvæði, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 81/2004.“

Í töflu í kafla 6.4 Umhverfismat, á bls. 42, er „þjóðminjalögum nr. 107/2001“ skipt úr fyrir „lögum um menningarminjar nr. 80/2012.“

Tafla um viðmið umhverfismats var uppfærð.

Nöfn náma nr. E58 og E59 voru leiðrétt.

## 9 HEIMILDASKRÁ.

Aðalskipulag Húnnavatnshrepps 2010-2022.

Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda. Stjórnartíðindi tíðindi B-deild nr.184/1978. [https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/r\\_184\\_1978\\_auglysing\\_plontutegundir.pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/r_184_1978_auglysing_plontutegundir.pdf)

Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr. Sjá:

<https://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/45> og  
<http://www.coe.int/en/web/conventions/full-list/-/conventions/treaty/104>

Bryndís Zoega, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoega (2011). *Fornleifaskráning Húnnavatnshrepps Sveinsstaðir*. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðakróki.

Bryndís Zoega og Guðmundur St. Sigurðarson (2012). *Fornleifaskráning á veituleið Blönduvirkjunar*. Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðakróki.

Ferðamálastofa, 2017. <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna-1949-2016>

Gunnar Bjarnason, Hersir Gíslason, Hafdís Eygló Jónsdóttir, 2004. Langtímaáætlun um námufrágang 2004 – 2018. Vegagerðin, Rannsóknadeild

Íslandsbanki, 2016. Íslensk ferðaþjónusta  
<https://www.islandsbanki.is/library/Skrar/Fyrirtaeki/Ferdathjonustuskyrsla%202016.pdf>

Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Námur.is. Allt um efnistöku og frágang. Landsvirkjun, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.  
[www.namur.is](http://www.namur.is).

Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðarkort á Íslandi sótt á; <http://vistgerdakort.ni.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.

Náttúruverndaráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndaráð. Reykjavík.

Reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

## Skipulagsstofnun (2007). Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

VERKÍS og Landsvirkjun (2013). *Matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum virkjana á veituleið Blönduvirkjunar.* Landsvirkjun, LV-2013/041.

VERKÍS hf og Landsvirkjun Power. 2009. *Virkjanir í Blönduveitu. Tilhögun og umhverfi.* Landsvirkjun, LV-2009/038.

Vistgerðir á Íslandi. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands. <http://vistgerdakort.ni.is/>.

## 10 VIÐAUKI A – UMSAGNIR OG SVÖR

Samantekt ábendinga og athugasemda sem bárust frá umsagnaraðilum og svör sveitarstjórnar við þeim.

Umsagnaraðili / Athugasemd eða ábending	Viðbrögð
<b>Forsætisráðuneytið</b>	
Leyfi Forsætisráðuneytis þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna. Leyfið er háð því að ákvarðað eða samið verði um endurgjald fyrir efnistökuna.	Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og verður leitað leyfis ráðuneytisins fyrir nýtingu náma innan þjóðlendna og hefur það verið tekið fram í kafla 5.1. Leyfi allra hlutaðeigandi landeigenda þarf til að hefja megi efnistöku á landi þeirra og verður leyfa aflað áður en framkvæmdir geta hafist.
Ráðuneytið telur að betur þurfi að gera grein fyrir áhrifum á umhverfið á þeim svæðum sem nýtt verða til efnistöku.	Gert hefur verið ítarlegar grein fyrir umhverfisáhrifum af völdum efnistöku, á gróður og dýralíf svæða og ásjón þeirra.
<b>Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra</b>	
Bent er á að efnistaka er starfsleyfisskyld hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.	Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Sótt verður um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra þegar sótt er um framkvæmdarleyfi.
Skilgreina þarf vatnstöku, brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði vatnsveitna við frístunda og þjónustusvæði skv. reglugerð nr. 536/2001.	Skilgreind hafa verið brunn-, grann- og fjarsvæði vatnstöku á skipulagsupprætti.
Skilgreina þarf fráveitu fyrir frístunda og þjónustusvæði skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	Fráveita fyrir frístunda- og þjónustusvæði verður skilgreind nánar í deiliskipulagi.
<b>Landgræðsla ríkisins</b>	
Landgræðslan gerir ekki efnislega athugasemd við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi.	Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og tekur undir sjónarmið þess efnis að mikilvægt sé að vanda til frágangs námusvæða. Í aðalskipulagsbreytingu eru settir skilmálar um að fyllstu varúðar skuli gætt við efnistöku og vandað til alls frágangs á efnistökusvæðum að efnisvinnslu lokinni. Farið er fram á að efnistökusvæði verði grædd upp svo varanleg áhrif af framkvæmdum verði sem minnst. Leitast verður við að græða svæði upp með staðgróðri, en mörg námutökusvæðanna eru staðsett á lítt grónum melum, með mjög lítilli eða engri gróðurþekju. Þar sem það á við mætti e.t.v. notast við hey og/eða búfjáráburð líkt og lagt er til og hefur því verið bætt inn í umhverfismat vegna efnistöku vegna viðhalds Kjalvegar, í kafla 6.5.4.

Bent er á að ekki er endilega æskilegt að stærri skógræktarsvæði séu skipulögð á góðu ræktunarlandi eða beitarsvæðum.	Aðalskipulagsbreytingin felur ekki í sér skipulagningu nýrra skógræktarsvæða, aðeins tjaldsvæði í landi Sveinsstaða. Fyrir er á svæðinu skógræktarsvæði við Olafslund og er stækken þess ekki fyrirhuguð.
<b>Samgöngustofa</b>	
Þar sem tillagan nær ekki til flugvallarins á Blönduósi eða svæða nálægt honum, gerir samgöngustofa ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar.	Sveitarstjórn þakkar fyrir viðbrögð Samgöngustofu.
<b>Skipulagsstofnun (barst fyrir auglýsingu)</b>	
<p>Landsskipulagsstefna:</p> <p>Í 3. kafla mætti gera betur grein fyrir því hvernig aðalskipulagsbreytingin styður við tilgreind markmið landsskipulagsstefnu 2015-2026</p> <p><b>Verndarsvæði</b></p> <p>Í umfjöllun um hverfisverndarsvæði er ekki gerð grein fyrir svæði H16 og H20. Gera þarf grein fyrir því hvernig þessi svæði tengjast skipulagstillöggunni og gera ráð fyrir áhrifum sem þau kunna að verða fyrir af hennar völdum, og setja eftir atvikum skipulagsskilmála sem styðja við verndarákvæði viðkomandi svæðis.</p> <p><b>Efnistaka</b></p> <p>Í tillöggunni eru tilgreind hverfisverndarsvæði H1-H9 en í umfjöllun vantar að gerð sé grein fyrir hvernig umrædd svæði tengjast efni skipulagstillögunnar.</p> <p>Í tillögu þarf að vera skýrar á hvaða hverfisverndarsvæðum mörkuð er stefna um efnistöku og setja skipulagsákvæði sem styðja við hverfisverndarákvæði viðkomandi svæðis.</p> <p>Í tillöggunni er bætt við 30 nýjum efnistökusvæðum sem af umfjöllun má ráða á að taka í notkun á næstu 20 árum. Ekki á við að marka stefnu um efnistöku sem tekur til framkvæmdatíma eftir skipulagstímabil gildandi aðalskipulags. Í tillöggunni þarf því að afmarka umfang fyrirhugaðrar efnistöku með hliðsjón af efnispörf til ársins 2022. Í greinargerð má setja fram skýringarmynd af efnistökusvæðum til að upplýsa um áform um fyrirhuguð efnistökusvæði eftir skipulagstímabilið og vísa til næstu endurskoðunar.</p>	<p>Sveitarstjórn þakkar ábendingarnar og hefur brugðist við þeim á eftirfarandi hátt:</p> <p>Í kafla 4.4.3. er fjallað um þau hverfisverndarsvæði sem skipulagstillagan kann að hafa áhrif á, eða svæði H16 - Þrístapar í landi Sveinsstaða, H18 -Hveravellir-Helgufell og H20 -Blöndulón og umhverfi. Fjallað er um þau hverfisverndarákvæði sem gilda á þessum svæðum. Fjallað hefur verið ítarlegar um þessi svæði og þau ákvæði sem þar gilda. Skal þeim fylgt til hins ítrasta við allar framkvæmdir innan eða í námunda við þessi svæði.</p> <p>Í gildandi aðalskipuli Húnnavatnshrepps eru 21 svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði en í aðalskipulagsbreytingunni er aðeins fjallað um þau hverfisverndarsvæði sem kunna að verða fyrir áhrifum af breytingunni og hvernig þau tengjast henni. Er fjallað um tengsl í kafla 4.4.3. og í umhverfisskýrslu.</p> <p>Efnistökusvæðum sem bætast við hefur verið fækkað niður í 21, en horfið var frá áætlunum um Blöndulínu 3. Ráðgert er að opna þau efnistökusvæði á skipulagstímabilinu, en efnistaka getur hinsvegar staðið lengur en skipulagstímabilið varir, eða í allt að 20 ár.</p>

Efnistaka vegna Blöndulínu 3 hefur ekki hlotið málsméðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eins og fram kemur í umsögn stofnunarinnar um lýsingu. Landsnet tilkynnti í apríl sl. Ákvörðun um að vinna nýtt umhverfismat fyrir Blöndulínu 3 og hefur því tekið framkvæmdina af framkvæmdaáætlun næstu þriggja ára. Í nýju umhverfismati verður lagt mat á fleiri valkosti, þ.m.t. jarðstreng. Skipulagsstofnun ítrekar ábendingu þess efnis að tillaga að aðalskipulagi vegna efnistökum framkvæmda tengdum Blöndulínu 3 verði unnin samhliða málsméðferð fyrir framkvæmdina samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

**Frístundabyggð og ferðapjónusta á Sveinsstöðum:**  
Áréttáð er að gera þarf grein fyrir forsendum tillögu um að byggja upp ferðapjónustu á Sveinsstöðum og setja í samhengi við þjónustubörf á svæðinu með hliðsjón af þjónustu sem þegar er í boði og áætlaðan fjölda ferðamanna. Til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð á svæðinu þarf að setja fram stefnu um umfang og yfirbragð þeirrar uppbyggingar sem fyrirhuguð er á 65 ha svæði í landi Sveinsstaða, þ.m.t. mannvirkjagerð í tengslum við rekstur tjaldsvæðis. Í skipulagsákvæði fyrir verslunar- og þjónustusvæði V19 þarf að skýra hvað við er átt með „bensínafreiðsla og fleira,” og tilgreina stærð verslunar- og þjónustusvæðisins.

Gera þarf grein fyrir því hvernig áform um nýja frístundabyggð í landi Sveinsstaða samræmast stefnu gildandi aðalskipulags Húnavatnshrepps að skipulögð frístundabyggð innan hverrar jarðar verði fullbyggð áður en ráðist sé í skipulagningu nýrra svæði. Skipulagsstofnun mælir með að sveitarfélagið taki saman upplýsingar um stöðu uppbyggingar í frístundabyggðum á einstökum jörðum til að fá yfirlit yfir stöðu mála.

Gera þarf grein fyrir hvernig svæðið tengist þjóðvegi, fráveitu og vatnsöflun. Lagfæra þarf misrämi í texta og töflu um stærð frístundasvæðisins. Gera þarf grein fyrir mögulegum áhrifum skipulagstillögunnar á svæði sem njóta verndar, Þristapa (H16) og Vatnsdalshóla sem eru á náttúrumínjaskrá (nr.407).

Efnistaka vegna Blöndulínu 3 sem fyrirhuguð var hefur verið tekin út úr aðalskipulagsbreytingunni og öllum framkvæmdum henni tengdar, í þeirri mynd sem fyrirhugað var, frestað um óákveðinn tíma.

Upplýsingum um framboð gistingar fyrir ferðamenn í sveitarfélagini og fjölda gistenátta undanfarin ár var bætt við umfjöllun um uppbyggingu þjónustu við ferðamenn að Sveinsstöðum. Einnig var fjallað nánar um stefnu stjórnavalda á málefnum ferðamanna og dreifingu þeirra um landið og hvernig aðalskipulagsbreytingin samræmist þeirri stefnu. Hætt var við áform um byggingu bensínstöðvar á nýju verslunar- og þjónustuvæði V19 og sú starfsemi sem þar er fyrirhuguð og umfang hennar útlistað nánar í töflu í greinargerð.

Í aðalskipulagini er kveðið á um að heimilt sé að byggja 5 frístundahús á lögbýlum (70< ha) án þess að breyta aðalskipulagi. Á Sveinsstöðum hefur nú þegar verið byggt eitt frístundahús. Ekki er æskilegt að byggja 4 í viðbót án skipulags. Eina deiliskipulagið sem til er fyrir frístundabyggð í Húnavatnshreppi er á Öxl II en þar hefur ekkert verið byggt enn.

Viðræður við Vegagerðina um veggenginu við þjóðveg eru í ferli. Það verður útfært nánar í deiliskipulagi fyrir svæðið. Vatn fyrir svæðið verður fengið úr núverandi vatnsbóli sem er í um 1,65 km fjarlægð frá Sveinsstaðabænum. Vatnsból og vatnsverndarsvæði hefur verið bætt inn á uppdrátt. Stærð frístundasvæðis hefur verið samræmd í texta og töflu.

<p><b>Húnavellir:</b> Í aðalskipulagi þarf að setja fram stefnu um umfang og yfirbragð bygginga til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð.</p> <p><b>Umhverfismat:</b> Bent er á að stefna um stækkun á röskuðum efnistökusvæðum getur haft áhrif á umhverfið, en mat er ekki lagt á þau áhrif í umhverfismati. Í umhverfismati skal meta áhrif af öllum stefnumiðum sem líkleg eru til að hafa áhrif á umhverfið, þ.m.t. heildaráhrif allrar efnistöku á tilgreinda umhverfisþætti á skipulagssvæðinu. Að öðrum kosti ber að gera grein fyrir af hverju ekki er talin þörf á því.</p> <p><b>Framsetning:</b> Lagfæra þarf undirtexta á uppdráttum af nágildandi aðalskipulagi fyrir breytingu.</p> <p><b>Kynning og samráð:</b> Í tillöggunni þarf að koma fram hvernig kynningu og samráði var hártað í skipulagsferlinu. Jafnframt þarf að koma fram hvaða aðilar hafa fengið tillöguna til umsagnar, hver viðbrögð sveitarstjórnar eru við athugasemdu.</p>	<p>Leiðbeiningar fyrir byggingarskilmála athafnalóðar að Húnavöllum hafa verið útlistaðar nánar.</p> <p>Bætt hefur verið við umfjöllun um umhverfisáhrif af völdum stækkunar efnistökusvæða sem þegar hafa verið opnuð.</p> <p>Textar hafa verið lagfærðir í samræmi við ábendingu.</p> <p>Bætt hefur verið við kafla 7. <i>Kynning og samráð</i>, þar sem upplýsingar um kynningu, samráð, umsagnir og athugasemdir og viðbrögð við þeim koma fram.</p>
<p><b>Vegagerðin</b></p>	<p>EKKI hefur verið haft samráð við Vegagerðina vegna tengingar við hringveg (1) í landi Sveinsstaða. Hafa þarf samráð við Vegagerðina um allar tengingar við þjóðvegi og vísar til umsagnar við skipulags- og matslýsingu frá 15. mars 2017.</p>
<p><b>Ferðamálastofa</b></p> <p><b>Athafnasvæði á Húnavöllum:</b> Mikilvægt er að fyrirhuguð bygging fyrir gagnaver á Húnavöllum verði hönnuð þannig að sjónræn áhrif hennar hafi ekki áhrif á ferðapjónustu í nágrenni hennar.</p> <p><b>Efnistökusvæði:</b> Ferðamálastofa telur mikilvægt að efnistökusvæðin verði felld eins vel að landi og aðstæður leyfa, raski haldið í lágmarki og námur ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.</p>	<p>Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Haft verður samráð við Vegagerðina um tengingu við hringveg (1) í landi Sveinsstaða og hefur það verið áréttar í kafla 5.2 í greinargerð.</p> <p>Sveitarstjórn þakkar ábendingarnar og tekur undir sjónarmið sem þar birtast. Í greinargerð segir: „Stuðlað skal að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á umhverfisfrágang á athafnasvæðinu, í samræmi við markmið aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010-2022 um athafnasvæði. Í því felst að lágmarka sjónræn áhrif stórra bygginga, takmarka vegg og mænishæð og brjóta upp stóra fleti og gera lóð svæðisins aðlaðandi. Skulu byggingarákvæði og skilmálar varðandi útlit og frágang bygginga útfærðir frekar í deiliskipulagi.“</p> <p>Í umhverfismati fyrir efnistökusvæði er gert ráð fyrir að vandað verði til alls frágangs að efnistöku lokinni og svæðið mótað og grætt upp svo varanleg áhrif af framkvæmdum verði sem minnst.</p>

<p>Ferðamálastofa telur ábótavant að ekki sé til heildarskipulag og/eða stefna fyrir Kjalveg og þau ferðamannasvæði sem honum tengjast, og varar við að ný og aukin efnistökusvæði verði nýtt til óskilgreindra vegaframkvæmda á Kjalvegi.</p> <p>Ferðaþjónusta og frístundabyggð í landi Sveinsstaða: Í umfjöllun um nýtt verslunar- og þjónustusvæði á Sveinsstöðum kemur fram á bls. 26 og 27 að svæði V15 bætist við en í töflu eru Sveinsstaðir V19.</p> <p>Mikilvægt er að huga að aðkomu og aðgengi fyrir ferðamenn á svæðinu.</p>	<p>Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að hugað sé að heildarsýn fyrir Kjalveg og ferðamannasvæði sem honum tengjast. Viðhald og lagfæring vegarins miðar að því að auka öryggi vegfarenda, ekki síst fyrir ferðamenn sem kunna að vera óvanir fjallvegum. Aukin umferð um Kjalveg kallar á viðhald hans en engar óskilgreindar framkvæmdir eru fyrirhugaðar við hann.</p> <p>Svæði fyrir ferðaþjónustu og frístundabyggð í landi Sveinsstaða verður númer V19 og hefur það verið lagfært.</p> <p>Haft verður samráð við Vegagerðina um aðkomu að svæðinu frá hringvegi (1) og það útlistað nánar á deiliskipulagsstigi.</p>
<b>Umhverfisstofnun</b>	
<p>Stofnunin bendir á að við frágang umræddra námusvæða væri æskilegt að líta til leiðbeiningar um efnistöku og frágang sem nálgast má á vefsíðunni <a href="http://www.namur.is">www.namur.is</a>.</p>	<p>Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og hefur efni hennar verið bætt við greinargerð, þar sem bent er á í kafla 5.1 að taka skuli mið af leiðbeiningum sem finna má á <a href="http://www.namur.is">www.namur.is</a> við frágang efnistökusvæða.</p>
<b>Landsnet</b>	
<p>Landsnet vekur athygli á að í undirbúningi er að hefja að nýju mat á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 og efnistöku vegna hennar. Fyrra mat á umhverfisáhrifum leiddi í ljós að innan sveitarfélagsins væru ákjósanlegir efnistökustaðir fyrir framkvæmdina, meðal annars efnistökustaðir sem ekki eru skilgreindir á gildandi aðalskipulagi. Landsnet telur einsýnt að þau efnistökusvæði sem sett eru fram í auglýstri breytingu á aðalskipulagi Húnnavatnshrepps 2010-2022 , sem m.a. markar stefnu um fjölgun efnistökusvæða, munu ekki fullnægja efnispörf vegna framkvæmda við Blöndulínu 3. Því telur Landsnet rétt að vekja athygli sveitarfélagsins á því að þegar nær dregur mati á umhverfisháhrifum Blöndulínu 3 og efnistöku vegna hennar geti komið til þess að Landsnet óski eftir því við Húnnavatnshrepp að gera breytingu á aðalskipulaginu, sem feli í sér fjölgun efnistökusvæði umfram þau sem nú er stefnt að.</p>	<p>Sveitarstjórn þakkar fyrir ábendinguna. Áætlunum um lagningu Blöndulínu 3 hefur verið frestað um óákveðinn tíma þar sem vinna þarf nýtt umhverfismat fyrir framkvæmdina og ekki er tímabært að breyta aðalskipulagi vegna framkvæmdarinnar fyrr en það hefur verið gert. Öllum framkvæmdum sem tengjast lagningu línumnar, svo sem efnistöku, hefur verið frestað sömuleiðis. Taka verður afstöðu til framkvæmda sem tengjast lagningu línumnar þegar þar að kemur. Tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna efnistökuframkvæmda sem tengjast Blöndulínu 3 verður að vinna samhliða málsmæðferð fyrir framkvæmdina samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.</p>